

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra
föstudaginn 21. september 2007, kl. 14.00.**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Björn Magnússon, Pétur Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Bjarni Þórisson boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Menningarstyrkir - umsóknir
 2. Kynningarferð ráðsins
 3. Merki menningarráðs
 4. Fjárhagsmál
 5. Menningarverðlaun / Listamaður Norðurlands vestra
 6. Skýrsla menningarfulltrúa
 7. Önnur mál
-
1. *Menningarstyrkir - umsóknir*
Farið yfir vinnuferli varðandi meðferð umsókna. Samþykkt að fjalla um umsóknirnar á næsta fundi ráðsins, fimmtudaginn 4. október.
 2. *Kynningarferð ráðsins*
Afgreiðslu málsins frestað
 3. *Merki Menningarráðs*
Samþykkt að leita eftir því við Guðmund Odd Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands, að verða ráðgjafi nefndarinnar við val á merki. Menningarfulltrúa falið að koma með tillögu á næsta fund um framkvæmd málsins.
 4. *Fjárhagsmál*
 - A) Fyrir fundinum lá samningur við Sveitarfélagið Skagaströnd um húsaleigu vegna skrifstofu ráðsins. Samningurinn samþykktur.
 - B) Menningarfulltrúa falið að senda sveitarfélögunum bréf vegna framlags þeirra árið 2008 skv. menningarsamningi ríkis og sveitarfélaga á Nl. v.
 5. *Menningarverðlaun / Listamaður Norðurlands vestra*
Afgreiðslu málsins frestað.
 6. *Skýrsla menningarfulltrúa*
Ingibergur skýrði frá verkefnum sínum þær þrjár vikur sem hann hefur verið að störfum.
 7. *Önnur mál*
Formleg opnun skrifstofu ráðsins kl. 16.00: Gengið frá dagskrá opunarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.